

FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS

Fundur nr. 1850

Ár 2010, þriðjudaginn 13. júlí kom bæjarráð saman til fundar kl. 16:00 á skrifstofu bærarstjóra í Ráðhúsinu.

Fundinn sátu: Baldur S. Einarsson, Anna G. Edvardsdóttir, Ketill Elíasson og Elías Jónatansson, bærarstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Boðun XXIV. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga

Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags 5. júlí 2010 þar sem boðað er til landsþings á Akureyri dagana 29. september til 1. október 2010.

10 07 013

Kynnt.

2. Læknamál í Bolungarvík

Svarbréf frá heilbrigðisráðuneytinu dags. 6. júlí 2010, við bréfi frá Bolungarvíkurkaupstað dags. 19. maí 2010.

Í bréfi ráðuneytisins kemur fram að lækninum í Bolungarvík verður boðin full ráðning við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða með 75% viðveru á heilsugæslustöðinni í Bolungarvík og 25% viðveru á heilsugæslustöðinni á Ísafirði.

10 05 022

3. Önnur mál

a. Viðbætur við snjóflóðavarnir í Bolungarvík – beiðni um umsögn

Bréf frá Skipulagsstofnun dags 7. júlí 2010, þar sem óskað er eftir umsögn Bolungarvíkurkaupstaðar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Erindinu vísað til umfjöllunar í umhverfismálaráði.

b. Fundargerð Fræðslumála- og Æskulýðsráðs 6. júlí 2010

Bæjarráð heimilar allt að 350 kennslustundir á viku á þeirri forsendu að ekki komi til aukakostnaðar vegna forfallakennslu og yfirvinnu.

Fundargerðin að öðru leyti samþykkt.

c. Flutningur á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

Guðný Hildur Magnúsdóttir kom til fundar og fór yfir vinnu starfshóps á vegum Fjórðungssambands Vestfjarða um flutning málefna fatlaðra. Bæjarráð stefnir að fundi með verkefnastjóra starfshópsins í ágúst.

Fundi slitið kl. 17:40

Baldur S. Einarsson
Anna G. Edvardsdóttir
Ketill Elíasson
Elías Jónatansson